

Nettímarit

Troðningur

14 tbl. 2010 - Útgefandi: Guðmundur R. Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Bækur og bókagerð - Michelangelo Buonarroti

Fyndinn heimur - 2007 - Draumar Petrínu - Skýskipið

Menning & List



Forsíðumynd: QT Luong

ICELANDIC
ART MAGAZINE

Bækur á annan hátt.

Bækur og bókagerð.

Bókagerð á sér langa sögu. Í fyrstu voru bækur höggvar í stein, en síðan þróuðust þær á skinn og síðan að mestu í pappír. Lengi vel var bókagerð fag sem þótti ákaflega merkilegt og vandasamt. Vanda þurfti til allra verka frá fyrstu hendi. Smátt og smátt tóku vélar yfirhöndina og nú er svo komið að mannshöndin kemur þar varla nokkuð nærri. Gríðarlega fullkomin tæki hafa verið smíðuð til bókagerðar. Tölvun og allt sem henni fylgir hefur gert bókagerðina nánast útdauða sem sérstakt fag. Nánast hver sem er getur nú gefið út og gert bækur ef hann hefur bara til þess rétt tæki.


Þó eru til fjöldinn allur af bókagerðar fólki í heiminum sem enn stundar að gera bækur. Þær eru þó ekki þannig að þær séu fjöldaframleiddar í almenna sölu. Heldur er hér um að ræða bókagerðarfólk sem handvinnur eina einstaka bók og engin bók er því eins. Mikið af listamönnum hafa gert þetta um langt skeið. Til er meir að segja bókaverslun í Amsterdam Hollandi sem eingöngu selur handgerðar bækur eftir listamenn. Sú verslun eða heldur gallerí heitir Boekie Woekie. Þar eru engar tvær bækur eins, nema þá ef vera kynni sýningaskrár eða sérstakar bækur til kynningar á list eða listamönnum og þá í mjög takmörkuðu upplagi. Að fara inn í þessa verslun er mjög gaman og skoða allar þær hugmyndir sem bókin býður upp á er eins og annar bókaheimur. Íslensk kona hefur rekið Boekie Woekie til fjölda ára, Rúna Thorkeldsdóttir, ásamt Henriëtte van Egten og Jan Voss.

En bækur geta nefnilega verið annað en þessar hefðbundnu bækur eins og við þekkjum þær. Þær geta verið gerðar úr nánast hverju sem er, hvernig sem er, eða bara eftir hugmyndaflugi gerandans. Líka er hægt að líta á bækur í textuðu rými eða á auglýsingaskilti, eða með því að skrifa sögu í sand eða snjó.

Troðningur skorar á alla sem fara til Amsterdam og hafa áhuga á bókum að leggja leið sína í Boekie Woekie. Hér er linkur á búðina:
<http://www.xs4all.nl/~boewoe/frame2.htm>









Myndir af bókum af margskonar gerð.






Hér eru nokkrar myndir af ýmsum verkum sem falla undir “public art” hugmyndina. Troðningur leggur ekkert mat á hvað séu góð eða slæm verk. Aðalatriðið fyrir Troðning er að hér er um skemtilegt innslag listarinnar til að auðga mannlífið og gleðja augað hvar og hvernig sem verkin eru.



Bókagerð getur verið skemmtilegt form .





Portrait af Michelangelo

- **Fullt nafn:** Michelangelo Buonarroti
- **Fæddur:** 6 Mars 1475
- **Fæðingastaður:** Caprese, Ítalía
- **Látinn:** 18 Febrúar 1564
- **Þekktastur fyrir:** Meistaraverkið, styttuna “ **The David** “

Michelangelo er sennilega áhrifamesti og þekktasti myndlistamaður allra tíma. Hann hefur haft gríðarleg áhrif á alla myndlist síðustu fimm aldir. Hann var Ítalskur skúlptúristi, arkitekt, málari og ljóðskáld á háendurreisnar tímabilinu. Hans stærstu verk og þekktustu eru sennilega hvelfingin í Sistine Chapellunni í Róm (1508 - 1512) og stytta af Davíð (rúmir 5 metrar á hæð), sem hann gerði 1501 - 1504.

Eftir 1519 vann Michelangelo að mestu við arkitektúr. Hann gerði m.a hvelfinguna á St. Peter's Basilica, sem lokið var við eftir andlát hans.

Samferða menn hans í listinni, voru m.a Leonardo da Vinci and Raphael . En allir eru þeir meistarar háendurreisnarinnar. Leonardo málaði t.d Mona Lisu á sama tíma og þegar Michelangelo's gerði stytta “ Davíð “ .



Mynd úr Sistine Chapel




Sistine Chapel

Fyndinn heimur !



Lífið er ekki bara alvara og leiðindi. Það getur oft verið hressandi að horfa á skemmtilegu hliðarnar og brosa dálítið að þessum heimi sem við búum í. Troðningur ætlar hér að birta nokkrar myndir sem ættu að fá vonandi einhverja til að brosa ögn af því sem okkur mannfólkinu dettur í hug. Myndirnar tengjast kannski ekki beint listinni, en listinni að brosa og að hafa gaman að hlutunum tengjast þær örugglega. Njótið vel og hafið bara gaman af.



Petrína Guðmundsdóttir var gift Ásbirni frá Innri-Njarðvík. Áttu þau börn á unga aldri þegar hér segir frá. Petrína var draumspök og ófresk nokkuð. Ásbjörn leigði sjómannaverbúð í Innri-Njarðvík þrjá mánuði úr sumrinu, árin 1930 til 1937. Þar var Petrína með börnin þessi sumur.

Síðasta sumarið sem Petrína var í Njarðvík, dreymdi hana eina nótt, að hún væri stödd úti á túni Helga við rakstur. Þykir henni þá engill koma til sín og segja við sig: “Nú er eg komin að sækja þig.” Petrína varð skelfingu lostin og grátbænir engillinn knékrjúpandi að gera það barnanna vegna að sækja sig ekki, þau séu enn svo ung og sín þurfandi og spyr, hvort ekki sé hægt að komast hjá þessu. Þá svarar engillinn: “Eg geri það ekki alveg strax, en bráðum.” Þetta var nálægt miðju sumri 1937.

Nú líður og bíður þangað til í öndverðum aprílmánuði 1938. Þá dreymir Petrínu, að Þorbjörg tengdamóðir sín komi inn úr dyrunum hjá sér, en hún hafði dáið 1936. Petrína fagnar henni innilega og segir: “Ó, hvað það er gaman, að þú skulir vera komin aftur!” Þorbjörg svarar: “Eg er ekki komin aftur. Eg gekk hér bara við til að heilsa upp á ykkur. En 14. maí kem eg aftur, og þá kemurðu með mér og við förum að búa saman úr því.”

Næsta morgun ber svo til að kona, sem bjó í sama húsi og Petrína, þvodi þvott niðri í kjallara hússins. Petrína kallaði á hana upp til sín til að drekka með sér kaffisopa. Þá segir hún henni á meðan þær sátu yfir kaffinu, hvað sig hefði dreymt í nótt og spyr síðan: “Hvað heldurðu að þetta boði? Eg get ekki ímyndað mér að það boði neitt annað en það að við flytjum héðan 14. maí. Þó finnst mér það ótrúlegt, því að það hefur ekki verið minnst á að við færum héðan og eg veit ekki til að við þurfum þess.”

Svo líður aprílmánuður og fram á föstudaginn 6. maí. Þann morgun klæðist Petrína eins og venjulega og mun hafa verið snemma uppi, því að það var hennar háttur. En hún hafði ekki verið lengi á fótum, þegar hún finnur að hún er að verða fárveik og innan stundar er hún búin að fá 40 stiga hita. Daginn eftir er hún flutt á Landakotsspítala og þá verður bert að hún er gripin af ákafri blettalungnabólgu. Hún andaðist á spítalanum laugardaginn 14. maí, klukkan tvö síðdegis, 29 ára að aldri.



Vissir þú að ?

* ...**Að Kálfatjarnarkirkja** var stærsta sveitakirkja á landinu þegar hún var byggð árið 1893.

*... **Að Hans Pedersen** stofnandi ljósmyndaverslananna var fóstursonur H.P. Duus og Kristjönu Duus og því alinn upp í Keflavík.

* ...**Á 17. og 18. öld** var Stafnes fjölmennasta verstöð Suðurnesja.

*... **Að aftöku Jóns biskups** Arasonar var hefnt á bænum Kirkjuvogi sem var staðsettur á milli Garðs og Sandgerðis.

*... **Að söngvara systkinin** Ellý og Vilhjálmur Vilhjálmsbörn ólust upp í Merkinesi í Höfnum.

*... **Að sagt var að börn** mættu ekki slá foreldra sína. Mundi sú hönd ekki rotna nema slegið væri á hana með viðarhríslu. Eitt sinn kom upp órotin hönd úr Útskálakirkjugarði.



Verkið hér fyrir ofan er ártalið 2007, gert úr notuðu mótatimbri frá 2007. Merkilegt er hversu tungan er fljót að koma sér upp slangri. Almennt er nú í dag að nota “ þetta er svona 2007 “ um hluti sem þykja bruðl og sýndarmennska á ríkidæmi. Hvort þetta slangur eigi eftir að lifa, kemur bara í ljós, en Troðning þykir þetta nýyrði í hug tungunnar bara nokkuð flott og trúir því að þetta muni lifa með þjóðinni all nokkuð lengi.

Höfundur: Guðmundur R Lúðvíksson,

Skýskipið !



Skip sem framleiðir ský !

Það er ýmislegt sem mannskepnum dettur í hug til að bjarga sér frá útrýmingu af þessari jörð.

Það nýjasta sem kemur frá kóngsins Kaupmannahöfn, með aðstoð frá Evrópu sambandinu er sú hugmynd að smíða rísa skip sem soga sjó inn í sig og spúir honum síðan upp í háloftin til þess að framkalla ský og kæla þannig jörðina ! Hljómar viturlega, ekki satt ? Miklar umræður hafa farið fram á þessari hugmynd og sýnist sitt hverjum. Nokkrir viðurkenndir vísindamenn í þessum fræðum hafa bent á að ef saltur sjór verði sprautaður upp í himinninn mundi það hafa þver öfug áhrif og valda enn frekari hlýnun á jörðinni. Hvað um það. Menn eru búnir að gera kostnaðaráætlun á framkvæmdina og hljóðar hún ekki upp á

nema 9 billjón dollara ! Dropi í hafið - í peningaheiminum. Óneitanlega hljómar þetta jafn gáfulega og þegar þingmenn í Evrópusambandinu vildu óðir fara að leggja á sérstakan vindskatt á seglskip, því það væri svo ósanngjarnt að sumir gætu siglt um höfin á fríum orkugjafa - vindinum. Nú er bara að sjá hvort þetta er leiðin til að bjarga Evrópu frá því að sökkva í sæ í framtíðinni ?

Nettímarit

Troðningur

14. tbl. 2010



www.1og8.com